

Reykjavík, 27. september  
2016  
R16080006  
071  
HBL/lss

Borgarráð

***Alþingiskosningar 29. október 2016 - skipan hverfiskjörstjórna og undirkjörstjórna***

Hér með sendist borgarráði meðfylgjandi tillaga um skipan sjö hverfiskjörstjórna í Reykjavíkurborg suður og sjö hverfiskjörstjórna í Reykjavíkurborg norður vegna alþingiskosninga 29. október nk. Borgarráð samþykkti á fundi 1. september sl. 15 kjörstaði í Reykjavíkurborgum. Jafnframt er meðfylgjandi tillaga um skipan í 43 undirkjörstjórnir í Reykjavíkurborg suður og 43 undirkjörstjórnir í Reykjavíkurborg norður.

Gert er ráð fyrir að skipting milli norður og suður kjördæma verði um Hringbraut, Miklubraut, Vesturlandsveg og Grafarholtshverfi, hin sama og við alþingiskosningar 27. apríl 2013.

Lagt er til að borgarstjóra verði falið að skipa í hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir í stað þeirra sem kunna að forfallast.

Helga Björk Laxdal  
e.u.